



**91. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar**  
fimmtudaginn, 29. júlí, 2004, kl. 17:30 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnáði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

**Dagskrá:**

1. Mat á búsvæðum laxaseiða í vatnakerfi Blöndu.
2. Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.
3. Styrkbeiðni frá Aflinu á Norðurlandi.
4. Erindi Helga Arnarsonar skólastjóra Grunnskóla Blönduóss.
5. Fundarboð frá Farskóla Norðurl.vestra – símenntun 2004.
6. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundaneftndar frá 20. júlí 2004.
7. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 26. júlí 2004.
8. Önnur mál.

**Afgreiðslur:**

1. **Mat á búsvæðum laxaseiða í vatnakerfi Blöndu.**  
*Lagt fram Mat á búsvæðum laxaseiða í vatnakerfi Blöndu, Austur-Húnavatnssýslu ásamt bréfi frá yfirmatsmönnum skv. lögum um lax- og silungsveiði nr. 76/1970. Í bréfinu kemur fram að hafi veiðiréttareigendur athugasemdir fram að færa vegna matsins skal það hafa borist yfirmatsmönnum eigi síðar en 25. ágúst nk. Lagt fram til kynningar.*
2. **Umsókn um skólavist utan lögheimilissveitarfélags.**  
*Sótt er um skólavist í Grunnskólanum á Blönduósi fyrir Natan Geir Guðmundsson, skólaárið 2004-2005. Í erindinu kemur fram að Byggðasamlag Húnavallaskóla hefur samþykkt beiðnina.*  
  
*Jafnframt sækir oddviti Skagabyggðar um skólavist í grunnskólanum á Blönduósi skólaárið 2004-2005 fyrir eftirfarandi nemendur: Ingimar Vignisson, Skafti Vignisson, Alexandra Dögg Viðarsdóttir Berndsen og Sófus Ólafsson.*  
  
*Bæjarráð samþykkir skólavist fyrir ofangreinda nemendur.*
3. **Styrkbeiðni frá Aflinu á Norðurlandi.**  
*Aflið er systursamtök Stígamóta á Norðurlandi og er sótt um að Blönduóssbær veiti starfseminni lið í formi styrkjar. Bæjarráð samþykkir að veita Aflinu kr. 10.000,- styrk.*
4. **Erindi Helga Arnarsonar skólastjóra Grunnskóla Blönduóss.**  
*Í erindi skólastjóra er þess óskað að heimild sem til er vegna ráðningar stuðningsfulltrúa í 70% starf verði breytt í 53% starf. Beiðni þessi er tilkomin vegna breytinga á starfslíði skólans og miðast við að rekstrarkostnaður aukist ekki. Bæjarstjóra falið að ræða nánar við skólastjóra.*



- 5. Fundarboð frá Farskóla Norðurl.vestra – símenntun 2004.**  
*Boðað er til fundar vegna Viku símenntunar hinn 12. ágúst nk, kl. 11:00 í húsnæði Farskólans við Faxatorg.*
- 6. Fundargerð fræðslu-, íþrótt- og tómstundanefndar frá 20. júlí 2004.**  
*Fundargerðin er lögð fram til kynningar.*
- 7. Fundargerð húsnæðisnefndar frá 26. júlí 2004.**  
*Fundargerðin er lögð fram til kynningar.*
- 8. Önnur mál.**
  - a. Uppsagnarbréf.** *Með bréfi dags. 19. júlí 2004 segir Þorgerður Þóra Hlynsdóttir upp starfi sínu sem æskulýðsfulltrúi Blönduóssbæjar vegna búferlaflutninga. Bæjarráð þakkar Þorgerði vel unnin störf og óskar henni velfarnaðar á nýjum vettvangi. Skólastjóra falið að auglýsa stöðuna við fyrstu hentugleika.*
  - b. Styrkur vegna Útivistarskóla Landsbjargar.** *Þjörgunarfélagið Blanda sækir um styrk fyrir 4 ungmenni á aldrinum 14 - 18 ára til að sækja Útivistarskóla Landsbjargar að Gufuskálum. Bæjarráð samþykkir að veita kr. 8.000,- styrk fyrir hvert ungmenni.*
  - c. Starfsmannamál.** *Farið yfir stöðu endurráðninga starfsmanna í þjónustumiðstöð og íþróttahúsi og ráðningu slökkvistjóra.*

**Fundargerð upplesin og samþykkt.**  
**Fundi slitið kl 18:45.**

Ágúst Þór Bragason (sign.)  
Jóhanna G. Jónasdóttir (sign.)  
Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)